



Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Ábyrgðarmaður

Hverjum á að tilkynna um tilnefningu ábyrgðarmanns?

Tilkynna skal um tilnefningu ábyrgðarmanns til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og viðeigandi eftirlitsaðila. Í tilkynningu skal upplýsa um nafn ábyrgðarmanns, netfang, símanúmer og þá stöðu sem hann gegnir innan viðkomandi tilkynningarskylds aðila.

TILNEFNING ÁBYRGÐARMANNS

Skylda til að tilnefna ábyrgðarmann

Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka er tilkynningarskyldum aðilum skylt að tilnefna sérstakan ábyrgðarmann úr hópi stjórnenda.

Ábyrgðarmaður skal að jafnaði annast tilkynningar um vitneskju eða grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti og öllum gögnum sem geta skipt geta máli vegna tilkynningar. Ábyrgðarmaður skal sjá til þess að mótaðar séu samræmdar starfsaðferðir er stuðli að góðri framkvæmd laganna.

Í einhverjum tilvikum, að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfseminnar, kann að vera æskilegt að tilnefna jafnframt staðgengil ábyrgðarmanns til að gegna stöðunni í forföllum hans. Tryggja skal að starfsmönnum sé kunnugt um hver er staðgengill ábyrgðarmanns.

Hver getur verið ábyrgðarmaður?

Mikilvægt er að ábyrgðarmaður og staðgengill hans, ef við á, komi úr hópi stjórnenda. Það fer hins vegar eftir stærð og umfangi hins tilkynningarskylda aðila, hvaða

einstaklingur er valinn til að gegna hlutverki ábyrgðarmanns. Hjá smærri tilkynningarskyldum aðilum þar sem eru fáir starfsmenn kann að vera eðlilegt að framkvæmdastjóri gegni stöðu ábyrgðarmanns. Í öðrum tilvikum eða hjá stærri tilkynningarskyldum aðilum getur ábyrgðarmaður verið framkvæmdastjóri ákveðins sviðs, forstöðumaður eða regluvörður.

Með því að ábyrgðarmaður komi úr hópi stjórnenda er m.a. verið að tryggja að hann geti í starfi sínu:

- haft aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum um viðskiptamenn og viðskiptafærslum sem tilkynning beinist að,
- lagt sjálfstætt mat á tilkynningar sem honum berast,
- sent tilkynningu til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu vegna gruns um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka án aðkomu annarra
- brugðist skjótt við fyrirspurnum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða eftirlitsaðilum

Mikilvægt er að tryggt sé að ábyrgðarmaður hafi, eftir því sem tilefni er til, fullnægjandi mannafla og kerfi til þess að sinna skyldum sínum.



Sjálfstæði ábyrgðarmanns

Umtalsverðar skyldur hvíla á ábyrgðarmanni og því er mikilvægt að tilkynningaskyldir aðilar tryggja að hann sé nægilega sjálfstæður til þess að geta sinnt þeim, t.d. með því að tryggja að hann hafi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum.

SKYLDUR ÁBYRGÐARMANNS

Hvaða skyldum gegnir ábyrgðarmaður?

Starfsskyldur ábyrgðarmanns felast m.a. í eftirfarandi:

- sjá til þess að innleiddar séu stefnur, reglur og verkferlar sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi tilkynningarskyldra aðila,
- taka á móti tilkynningum um grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka frá starfsmönnum, skrá þær og varðveita ásamt öðrum gögnum, á fullnægjandi hátt,
- gera ráðstafanir til að afla nauðsynlegra upplýsinga í tengslum við tilkynningar frá starfsmönnum,
- framkvæma eigin rannsóknir og úttektir á tilkynningum á grundvelli allra aðgengilegra upplýsinga,
- sjá til þess að skrifuð sé skýrsla um tilkynningar,
- senda til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu tilkynningar um vitneskju eða grun um peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka, eða eftir atvikum til stjórnvalda í öðru ríki,
- hafa umsjón með samskiptum við stjórnvöld vegna laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og tryggja að slík samskipti séu skilvirk,

- hafa umsjón með þjálfun og fræðslu annarra starfsmanna um málaflokkinn,
- taka á móti upplýsingum og leiðbeiningum frá eftirlitsaðilum og eftir atvikum öðrum stjórnvöldum og kynna innan fyrirtækisins,
- afla sér upplýsinga um leiðbeiningar og tilmæli stjórnvalda og alþjóðlegra stofnana, s.s. FATF og kynna innan fyrirtækisins,
- gera viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni, t.d. með því að sækja námskeið, ráðstefnur og fyrirlestra um málaflokkinn,
- leggja mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka innan einstakra sviða eða rekstrareininga, m.a. út frá fjölda tilkynninga og umfangi og eðli starfseminnar,
- tryggja að yfirstjórn sé nægilega upplýst um áhættu að því er varðar peningabætti og fjármögnun hryðjuverka til að hún geti tekið virkan þátt í að draga úr og stýra slíkri áhættu
- framkvæma reglulega úttekt á fylgni við reglur og verkferla hjá tilkynningarskylda aðilanum,
- framkvæma reglulega úttekt á reglum og verkferlum og gera úrbætur eftir því sem við á,
- hafa umsjón með árlegri skýrslugjöf til stjórnar.



Regluleg upplýsingagjöf til stjórnar

Gert er ráð fyrir að ábyrgðarmaður skili skýrslu til stjórnar einu sinni á ári. Hins vegar skal hann upplýsa stjórnina oftari um atriði sem tengjast aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka telji hann þörf á.

SKÝRSLA TIL STJÓRNAR

Árleg skýrsla til stjórnar

Í árlegri skýrslu ábyrgðarmanns til stjórnar skal m.a. koma fram:

- mat á því hvernig skriflegar innri reglur og innra eftirlit samræmist löggjöf, leiðbeiningum, tilmælum og upplýsingum frá eftirlitsaðilum, öðrum stjórnvöldum og tilmælum FATF,
- umfjöllun um hvernig brugðist hafi verið við tilkynningum og upplýsingum frá eftirlitsaðilum og öðrum stjórnvöldum,
- upplýsingar um fjölda tilkynninga til ábyrgðarmanns, athugun hans á þeim og hve margar voru sendar skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu,
- upplýsingar um samræmda flokkun tilkynninga, t.d. eftir starfssviðum, rekstrareiningum eða tegundum viðskipta, sem getur gefið tölfræðilega yfirsýn yfir málaflokkinn og auðveldað greiningu hjá tilkynningarskyldum aðila,
- upplýsingar um þjálfun og fræðslu starfsmanna,
- upplýsingar um það sem er ábótavant í starfsaðferðum tilkynningarskylds aðila og tillögur um úrbætur.

Stjórn tilkynningarskylds aðila skal taka skýrsluna til umfjöllunar á stjórnarfundum, leggja mat á hana og efni hennar og kveða á um aðgerðir til úrbóta sé þess þörf.

Tilkynning um ábyrgðarmann

Tilkynna skal um tilnefningu ábyrgðarmanns til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og viðeigandi eftirlitsaðila á eftirfarandi netföng:

- Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu: pt@hersak.is
- Fjármálaeftirlitið: fme@fme.is
- Ríkisskattstjóri: peningatvaetti@rsk.is

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar má ávallt fá hjá eftirlitsaðilum og skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

STÝRIHÓPUR OG ÚTGÁFA

Kynningarefni

Allt kynningarefni sem stýrihópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur gefið út eru aðgengilegt á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins.

